









Prenttækni

Prestur: Séra Ólafur Jóhann Borgþórsson
Gítar: Davíð Sigurgeirsson
Söngur: Jóhanna Guðrún Jónsdóttir
Fiðla: Ingunn Eydal Jónsdóttir
Umsjón útfarar: Harpa útfararstofa

*Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í safnarheimili kirkjunnar að athöfn lokinni .*

*Jarðsett verður í Gufuneskirkjugarði S-5-168*

# Guðbergur Guðbergsson

*Fæddur 28. júlí 1937*

*Dáinn 2. ágúst 2020*



*Útför frá Seljakirkju*
*miðvikudaginn 26. ágúst 2020*

# Forspil

# Bæn

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:

hærra til þín.
Sofanda sýndu þá
sólstigans braut,
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:

hærra til þín.
Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,;
hærra til þín.

*Matthías Jochumsson / Adams*

# Ritningarlestur

Þegar ég leystur verð þrautunum frá,
þegar ég sólfagra landinu á
lifi og verð mínum lausnara hjá
það verður dásamleg dýrð handa mér.

Dásöm það er dýrð handa mér,
dýrð handa mér, dýrð handa mér,
er ég skal fá Jesú auglit að sjá,
það verður dýrð, verður dýrð handa mér.

Og þegar hann, er mig elskar svo heitt,
indælan stað mér á himni' hefur veitt,
svo að hans ásjónu' eg augum fæ leitt -
það verður dásamleg dýrð handa mér.
Dásöm það er . . .

Ástvini sé ég, sem unni ég hér,
árstraumar fagnaðar berast að mér;
blessaði frelsari, brosið frá þér,
það verður dásamleg dýrð handa mér.
Dásöm það er . . .

*C.H. Gabriel / Lárus Halldórsson (eldri).*

# Guðspjall

# Hallelujah

*Leonard Cohen*

# Minningarorð

# Ashokan farewell

*Jay Ungar*

# Bæn

Þar sem englarnir syngja sefur þú.
Sefur í djúpinu væra.
Við hin sem lifum,lifum í trú.
Að ljósið bjarta skæra.
Veki þig með sól að morgni.
Veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn faðir lífsins ljóss.
Lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert,mín lífsins rós.
Tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hann með sól að morgni.
Þú vekur hann með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól.
Lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt bjarta.
Vekja hann með sól að morgni.
Vekja hann með sól að morgni.

Drottinn minn réttu sorgmæddri sál.
Svala líknarhönd.
Og slökk þú hjartans harmabál.
Slít sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hann með sól að morgni.
Svo vaknar hann með sól að morgni.

Farðu í friði vinur minn kær.
Faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær.
Aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni.
Svo vöknum við með sól að morgni.
Svo vöknum við með sól að morgni.
Svo vöknum við með sól að morgni.

*Bubbi Morthens*

# Moldun

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

*Sveinbjörn Egilsson / P. C. Krossing*

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt

*Matthías Jochumsson / P. C. Krossing*

# Blessun

# Eftirspil